

Minnisblað til bæjarráðs

Í janúar fól bæjarráð, fræðslu og menningarsviði að skoða aðstöðu húsnæðismála fyrir Álftanesskóla og íþróttaaðstöðu ungmennafélagsins.

Ástæða þess er að UMFÁ hefur óskað eftir því að kláraður verði gervigrasvöllur sem hefur verið í undirbúningi og stjórnendur og foreldrar Álftanesskóla hafa óskað eftir úrbótum á húsnæði skólans þar sem þeir telja vöntun á húsnæði vera mikla.

Settur var saman hópur allra hagsmunahópa í honum voru: Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Bæjarverkfræðingur, íþróttafulltrúi, fulltrúi UMFÁ, tveir fulltrúar foreldra og skólastjórnendur.

Á fyrsta fundi voru ræddir ýmsir möguleikar á að færa starfsemi til í öllum húsum það er í íþróttahúsi og skólahúsnæði með það í huga að nýta húsin betur. Starfssemin í skólahúsnæði Álftanes er margbreytileg og fjölbreytt og notuð eru öll möguleg hús undir skóla- og íþróttastarfsemi.

Starfsemin í dag:

Tómstundaheimilið er rekið út í Vallarhúsi, það hús var upphaflega hannað sem búningsaðstaða og vélageymsla. Húsið er 215 fm og þarf að hýsa ríflega 100 börn. Húsið er of lítið og of langt í burtu frá skólanum og hafa verið erfiðleikar með að koma börnunum í húsið á veturna.

Matsalur er rekin í íþróttamiðstöðinni og jafnframt er matsalurinn félagsaðstaða fyrir félög á Álftanesi. Salurinn er 163 fm og eldhúsið er undir súð.

Félagsmiðstöðin Elítan, skrifstofa UMFÁ og Tónlistarskólinn hafa einnig aðstöðu í íþróttamiðstöðinni.

Önnur starfsemi skólans er í skólahúsnæðinu eða lausum stofum.

Óskir foreldra, stjórnenda og UMFÁ sem og TG:

- Að tómstundaheimilið fari í betri aðstöðu.
- Að skólinn hafi matar- og hátíðarsal
- Að aðstaða fyrir starfsfólk sé til staðar
- Að skólinn hafi geymslur
- Að Elítan hafi betri aðstöðu
- Að UMFÁ fái félagsaðstöðu ekki einungis skrifstofu

- Að settur verði gervigrasvöllur
- Að Tónlistarskólinn fái eina samspilsstofu til viðbótar við þá stofu sem hann hefur í íþróttahúsi.

Hópurinn kom sér saman um að fá arkitekt til að fara og skoða starfsemina og koma með tillögur að breytingum á húsnæðinu.

Arkitektinn Einar Ingimarsson var fenginn til verksins og með það í huga að nýta sem best það húsnæði sem fyrir er og reyna að koma núverandi starfsemi fyrir með betra fyrirkomulagi.

Niðurstaða arkitekts var kynnt á fundi þriðjudaginn 14. apríl.

Ekki er mögulegt að koma núverandi starfsemi fyrir á viðunnandi hátt og það sé fyrirséð að það þarf að byggja við skólann. Meðfylgjandi eru hugleiðingar arkitekts.

Niðurstaða hópsins:

Skólafólkið leggur á það áherslu að brýnast sé að bæta úr aðstöðu tómstundaheimilis og var skólastjóra falið að skoða hvort hann gæti skipulagt starfsemi heimilisins með því að skipta starfseminni upp fyrir næsta skólaár og hafa hluta barna inn í skólanum og hluta í vallahúsi á meðan beðið er eftir nýbyggingu eða lausum stofum fyrir tómstundaheimilið.

Hafinn verði undirbúningur að breytingu skólahúsnæðinu.

UMFÁ óskar eftir því að kláraður verði gervigrasvöllur, vallahúsið komist í þeirra umsjá og að félagið fái félagsaðstöðu.

Virðingarfyllst,

Margrét Björk Svavarsdóttir

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Hugleiðingar um endurbætur á skólahúsnæði - samantekt

23. febrúar 2015 / 13. apríl 2015

Bókasafn - upplýsingaver

Þarf að vera meira miðsvæðis

Nýbygging amk 196 m²

- skoða þarf betur hvort meira rými þarf svo hlutverk þess sem almenningsbókasafns sé að öllu leyti uppfyllt

Námsrými - klasar

1. - 4. bekkur: Ef bókasafn færir, verður sennilega nóg rými þar sem yngstu deildir eru nú
 5. - 7. bekkur: Í hluta nýbyggingar, en þó mun vanta viðbótarrými (5. bekkur er nú í bráðabirgðastofum)
 8. - 10. bekkur: Á mið- og efstu hæð nýbyggingar
- List- og verkgreinar þurfa um 120 m² viðbótarrými - allar verkgreinastofur eru of litlar
- rými tónlistarskóla er 183 m² - annars er mögulegt að byggja við verkgreinaálm

Nýbygging/stækkun: 496 m² + 174 m² (miðrými klasa) - alls 670 m²

Hátíða- og matsalur

Núverandi salur í íþróttamiðstöð er bráðabirgðalausn

- heimill hámarksfjöldi er 100, núv. notkun er rúmlega 20% umfram heimild
- leiðir fyrir aðföng að eldhúsi, og úrgang frá því eru öflugar
- skipulag í eldhúsi er óheppilegt

Nýbygging alls 465 m²

- núverandi salur í skólahúsi (nýr) er ófullnægjandi, enda ekki notaður sem slíkur
- er notaður sem kennslustofa fyrir 60-80 nemendur og sem fundasalur

Stjórnun

Ef vinnuherbergi kennara færir út í klasa, losnar pláss, sem má breyta í annað t.d.:

- stækkun kaffistofu
- herbergi sem vantar
- fatageymslu starfsmanna m/geymsluhólfum f/amk 90 starfsmenn (96 ef félagsmiðstöð er meðtalin)
þarf að vera í grennd við snyrtingar, annars væri æskilegt að hafa lítið herbergi til að skipta um föt
engin snyrting er fyrir fatlaðan starfsmann

Stækkun, ef á sama stað, alls 98 m²

Betri kostur gæti verið að flytja alla stjórnun á nýjan stað og nota núverandi húsnæði fyrir Frístund

Á nýjum stað alls 297 m²

Elítan - félagsmiðstöð

Gæti verið áfram í íþróttamiðstöð - ef viðbótarrými er í boði - og gerðar eru ýmsar skipulagsbreytingar
Ýmis rök mæla einnig með að þessi starfsemi sé innan skólahússins og það þarf þá að skoða betur

Brúttóstærð núverandi rýmis er 228 m²
Heildarflatarmál hæðar er 467 m² - að frádregnum stiga og lyftu
Ef öll hæðin fengist fyrir starfseminu myndi húsrými tvöfaldast frá því sem nú er.

Frístund - tómstundaheimili

Þarf að vera hluti af skólahúsinu, þá er möguleiki að samnýta innganga, fatageymslur og ýmis sérrými

Brúttóflatarmál vallarhúss er 272 m²
Brúttóflatarmál stjórnunarárlmu er 370 m². Skoða má hvort Frístund yrði þar og stjórnun á nýjum stað
Rýmisþörf fer eftir fjölda barna og starfsmanna

Skólaskjól Flataskóla er brúttó 270 m² - en þar er möguleiki að nýta til viðbótar önnur rými í skólahúsinu

Stækkun

1. Bókasafn amk	196 m ²		
2. Námsrými	496 m ²	+ 174 m ²	
3. Hátíða- og matsalur	465 m ²		
4. Stjórnun	297 m ²		1.454 m ²
5. Geymslur ofl þjón.rými	100 m ²	gróf áætl.	
6. Tengirými (30% af 1.-4.)	436 m ²		1.990 m ²
7. Veggir (13% af 1.-6.)	259 m ²		
	Samtals	2.248 m ²	
Núverandi hús			
1. hæð	2.597		
2. hæð	727		
3. hæð	727		
	Samtals	4.051 m ²	- m/stækkun 6.299 m ² 450 nem (14,0 fm/nem)

Flataskóli er 5.822 m²

Forgangsröð

- Stoðrými stjórnunar
 - skrifstofur
 - viðtalsherbergi
- Tómtundaheimili, stærra, á nýjan stað
- Mötuneyti & hátíðasalur
- Önnur upptalin rými

Lausnir - úrræði

- Bráðabirgðahúsnaði - strax ?
- Viðbygging
 - hús í heild skipulagt í klösum
 - bókasafn miðsvæðis
 - viðbygging þarf að skapa skjól á milli skólahúss og íþróttamiðstöðvar

Þreksalir í íþróttamiðstöð

Nettóstærð $205 + 137 \text{ m}^2 = 342 \text{ m}^2$

minni salurinn er með háum gluggum á útvegg - að öðru leyti eru gluggar að gangi íþróttamiðstöðvar til viðbótar eru pallar $28 + 18 \text{ m}^2 = 46 \text{ m}^2$, sem óvíst er hvernig mætti nýta

Hvað annað gæti hugsanlega verið þar ?

Nýbyggingarkostnaður skóla

Reikna má með um 450 þús/m^2 - fyrir 100 M kr, má byggja um 220 m^2

Byggingarlykill Hannarrs 1. jan. 2015: Leikskóli 1.hæð m/frág. lóð og leiktækjum 507 þús/m^2

